


4 september 2015.

# Rokk og Ról tímabilið var svolítið merkt stökum söngvurum.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.  
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.  
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tekið fram.



Konráð Rúnar Friðfinnsson með Vinil hljómplötu, LP plötu, sem um tíma CD- diskurinn ruddi út af markaðnum en virðist ætla að komast þangað inn aftur, að allavega nokkru leiti.



Mynd til vinstri. Útgáfufyrirtækið Columbia í Washington D,C á upphafsárum sínum. Myndin er frá því árið 1889.

Vel má halda því fram og gera með nokkrum rökum að tími rokkhljómsveita hvort sem var á Íslandi eða út í hinum stóra heimi hafi svolítið verið merktur sjöunda áratug seinustu aldar og líka þeim áttunda, allavega fyrri parti hans. Einnig má segja og líka gera með sínum rökum að annað tímabil en þetta hafi gilt fyrir, segjum, tíma The Beatles og í nokkur ár þar á undan, sem er þá þetta Rokk og Ról tímabil. Um Rokk og Ról tímabilið má segja að hafi dálítið verið tileinkað og merkt stökum söngvurum sem voru á sviðinu sem svolítið var blínt á og þeir, það er þessar tilteknu persónur og söngvarar, hafnir upp til skýja en ekki

svo mjög hljómsveitirnar sem spiluðu undir hjá þeim en voru þó og auðvitað partur prógrammsins. Þessi staða var alltént ekki óalgengt þegar horft er í þessa átt og gert með þennan tíma í huga. Bítlatíminn er svolítill andhverfa þessa þó vissulega væru þar líka söngvarar sem gátu sér gott orð og urði risastór nöfn. Samanber Donovan, Bob Dyllan auðvitað, og söngkonur á borð við Joni Mitchell, Janis Jan sem sumir muna eftir, en hún gaf út sína fyrstu hljómplötu 1967, svona til að nefna einhverja. Með öðrum orðum að þá voru söngvarar og söngkonur þarna líka, og skárri væri það nú, eftir að Bítlarnir eru komnir sem þó var svona meira tími hljómsveita sem öndvert styður þá skoðun höfundar að sjöundi áratugurinn og partur hins áttunda hafi verið eignaður þeim í þessari sumpart merku sögu sem flóra tónlistar dregur upp í mannheimum og er partur af sögu mannkyns

Darradansinn í kringum Rokkið og Rólið og það allt saman óx mjög fiskur um hrygg á þessu árabili og náði áður óþekktri stærð í tónlistarsöggunni en var samt bara undafari þess sem átti eftir að verða og heimur allur varð þátttakandi í og eða vitni að með Bítladansinum eftir að hann var fyrst stiginn með öllum sínum sérkennum í allskonar og til að mynda fatavali fólks, hársídd og ýmsu öðru sem fyrir var og sumu storkað og jafnvel reynt að fjarlægja úr veginum sem talið var standa fyrir. Margt annað var það sem Bítlatíminn kallaði fram. Og þetta gildi ekki bara fyrir einhvern einn stað heldur lá allur heimurinn undir og ýtti við mörgum sem fóru af stað og gerðu allskonar sem að dæmi sé tekið jók hljómgæði tækjanna sem hugsuð voru til að fólk gæti hlustað á afrakstur hljómsveitanna og laga og textahöfundanna sem komnir voru fram og byrjaðir að framleiða sitt og birta almenningi og öll þessi lög fara að heyrast heima í stofu og þar í hágæða hljómgæðum sem og á útvarpstöðvunum sem einnig byrja að lagfæra hjá sér hljómgæðin til að vera gjaldgeng á öldunni sem risin var og allir vita að er staðreynd. Stærri en þetta verða hlutirnir nú ekki held ég megi fullyrða og sem áreiðanlega margir sem til þekkja og sumpart lifðu á eigin skinni taka heilshugar undir af því einu að vera sinn raunveruleiki.

Mynd til hægri. Tvist sporið kennt og sýnt hér í níu liðum. Þessi dans var vinsæll á Presley tímanum og í danshúsum íslenskum á þessu árabili og allskonar sveifla framkvæmd á dansgólfinu á meðal mis ölvaðra gesta af báðum kynjum.

Liprustu Tvist dansararnir náðu að láta bakhluta sinn síga fast niður undir gólf og að endingu sópa gólfið með eigin botni án þess að detta, sem var markmiðið. Væri áfengi með í för var allt slíkt útilokað þó margoft væri reynt og lágu menn flatir á gólfinu undir ærandi hávaða rokkmúsíkurinnar og stóðu upp með ryklitaðan jakka að aftan og búnir að búa til ryklausan blett á dansgólfinu. En hver rallhálfur hirðir um hávaðann eða svolítið ryk á jakka sínum þegar um annað er að hugsa? Fáir alltént.

Einnig smurðu karlmenn hár sitt Brilljantíni. Sjá mynd örlítið neðar.

Það þó breytir ekki hinu að tímabilið sem kennt er við Elvis Presley óx mjög fiskur um hrygg og varð gildari en þá hafði áður þekkt í sögu dægurtóna og náði að sprengja margt utan af sér sem áður hindraði og batt sköpunargáfu fólks og breyta viðmiðunarsköllum tónlistar umtalsvert sem boðið var upp á. Og olli auðvitað sínu hneyksli eins og vill verða þegar vana og venjum er storkað af "villimönnum" eins og sumt af þessu fólki hafði orð á sér fyrir að vera en var í grunnin bara ósköp venjulegt fólk sem máski uppgötvaði að stakkurinn þarna væri víðari en áður hafði verið talið og komu því saman og "töldu í", eins og sagt er.



Þeir, það eru söngvararnir, teljast því stjórnur þess tíma og meira heldur en hljómsveitirnar nokkurn tíman voru þá en breyttist við innreið The Beatles árið 1963 og tók gríðarlegan vaxtarkipp næstu ár á eftir og stóð í miklum hæðum árið 1970 er Paul McCartney kom fram með sína ægilegu yfirlýsingu um að Bítlarnir væru hættir störfum og sorg mikil gekk yfir þann hluta fólks sem upplifði dansinn eina sanna. En þarna hætti hann nú samt en var upp frá því stigin svolítið öðruvísi en skildi þó eftir sig gap og spurningum eins og þessa: "Hvað verður nú?".

Vitað er að Bítlatíminn tók við af Rokk- og Ról kaflanum sem, eins og áður segir, var svolítið merktur söngvurum en breyttist með komu The Beatles er þeir skutust fram og inn í þá lægð sem komin var og rokksveiflan farin að hægja á sér og stefna inn í vissa lægð með allan kraft úr sér og raunverulega náði sér aldrei aftur á strik. Þessu tel ég að menn séu nokkuð sammála um svona ef þeir velja því fyrir sér með sanngjörnum hætti. Hvar til að mynda eru þessar Rokk og Ról sveitir í dag eins og var er Presley var og hét? Auðvitað byggja margir á ýmsu sem þarna var gert en þær sjálfar ekki sýnilegar í dag með neinum hætti. Enda líklega ekki til vinsælda falið í nákvæmlega sama formi og þá gekk en breytir ekki því að Rokk og Ról kaflinn bjó til margt sem hefur orðið öðrum listamönnum til hugmynda og hvatningar og sumir tónar nútímans teygi sig þangað aftur. Hvert tímabil skilur eftir sig arfleifð. Þannig bara er það.

Fyrsta plata Presleys kom út 23 mars 1956 og hét eftir því sem höfundur best sér " Elvis Presley. " Held að eina sanna Rokk og Ról tímabil sögunnar sé miðað við að hafa verið frá 1955 og staðið í nokkur næstu ár á eftir en samt ekki mjög lengi og reynda rótrúlega stutt miða við öll áhrifin á sínum tíma. Inn í það og svona þegar verulega er orðið rólegra þar innandyra að þá koma inn að magra mati "grátsöngvarar"- í anda seinni stríðsára og ná svolitlum hæðum í bransanum og um leið nokkrum vinsældum. Á Rokk og Ról tímabilinu voru hljómsveitir þarna samanvið og innanum en samt eins og í skugganum af þessum einstaklingum sem sungu. Við munum að allra augu mændu á einstaklinga á borð við Elvis Presley, Chuck Berry og alla hina en samt minna gert úr þætti hljómsveitanna sem léku með þessum mönnum og voru á sviðinu. Allt fer þetta í hringi og má reikna með að tónarnir og tiskusveiflurnar sem þær innleiða séu með í þeim pakka og mætti líklega sannreyna, væri allt málið kannað með vísindalegum og viðurkenndum aðferðum.

Mynd til hægri. Chuck Berry er Amerískur gítarleikari og söngvari og fæddist 18 október 1926. Hann var ein stjarnanna á Rokk og Ról tímabilinu sem talsvert kvað að og líka sínir að einstaklingum var att fram og hafðir svona í " skotlínunni "- ef svo má segja. Fyrsta hljómplata Chuck Berry kom út í maí 1957 og heitir "After School Session".

Chuck Berry á lagið "Roll Over Beethoven."



Mynd til vinstri. Svona litu sumar Brillantín- dósir út með þessu vinsæla hárkremi í. Með hluta innihalds dósarinnar smurðu karlmenn hár sitt svo á gljáði og drógu, eftir að hafa greitt sér, eilítið fram með flötum lófa og kúnstarinnar reglum og fengu þá þessa ekta Presley hárgreiðslu sem engin maður með mönnum vildi vera án. Skoðið bara ljósmyndirnar. Tíðarandinn lætur ekki að sér hæða. Og hver losnar við að vera sinn þátttakandi í honum?

Ein, auðvitað fjölmargar, hljómsveit var þarna með á þessum tíma sem gat sér orð og er það The Shadows. Þeir, eins og margir vita, léku undir á nokkrum hljómplötum Sir Cliff Richard þó óljóst sé á hve mörgum né heldur hvenær samstarf The Shadows við Cliff hófst og hvort þeir sjái um undirleik og röddun á fyrstu hljómplötu hans er hún leit dagsins ljós í nóvember árið 1959 og fékk nafnið "Serious Charge" sem útgáfufyrirtækið Columbia sá um að gefa út. Að útgáfufyrirtækið Columbia gæfi út efni listamanna var algengt á þessum tíma. Margir listamenn í dag eiga í viðskiptum við Columbia, skilst höfundi.

Sir Cliff Richard naut fljótlega gríðarlegra vinsælda og varð ein stjarnan sem skrifaði Rokksöguna og er inni í hvert sinn sem menn geta um hana hvort sem er í tali eða á blaði. Cliff Richard varð að menn segja mótvægi Breti við miklum vinsældum Elvis Presley í Bandaríkjunum og með Cliff Bretarnir komnir fram með sína eigin Rokk og Ról stjörnu sem að kvað.

Rétt eins og Presley að þá lék Cliff einnig í nokkrum kvikmyndum og var ein þessara kvikmynda myndin "Summer Holiday" sem kom til sýningar í kvikmyndahúsum í London 10 janúar 1963 og lag úr varð frægt og heyrst enn öðru hvoru á öldum útvarpsstöðvanna. Enda um að ræða frábæran söng í frábærum flutningi þessa prýðilega söngvara sem nokkrum sinnum hefur tekið þátt í söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva en samt aldrei náð að hreppa fyrsta sætið þar en verið í næst efsta sætinu. Til að mynda árið 1973 með lag sitt "Power to all your friend" muni höfundur rétt sem honum reyndar fannst besta lagið þá en áhorfendur þó annarrar skoðunar og völdu annan söng í toppsætið.



Mynd til vinstri. (Sir) Cliff Richard ásamt hljómsveitinni The Shadows að koma út úr flugvél til tónleikahalds. Ljósmyndin er frá árinu 1962. Cliff hefur notið mikilla vinsælda á ferli sínum og gerir enn. Sjá má hárgreiðsluna að hún er alveg í anda hennar sem Presley notaði. Eftiröpun er engin ný bóla.

Myndi til hægri. Sir Cliff Richard í Ástralíu 2013. Cliff hefur lengi gengið með Jesú og verið óhræddur við að játa út trú sína þar sem hann er staddur. Það vitaskuld er hverjum manni styrkur.



Sennilegt er að þetta útgáfufyrirtæki Columbia Record sé með elstu útgáfufyrirtækjum í heiminum í dag og stofnað árið 1887 og enn starfrækt og gott ef ekki The Beatles voru hjá um tíma. En

það samt er sagt með fyrirvara.

Sir Cliff Richard fæddist í Bretlandi 14 október 1940 og er enn á fullu í söngbransanum líkt og verið hefur frá því að ferill hans hófst. Cliff hefur náð að selja yfir 250 milljón hljómpatna á ferlinum sem hlýtur að teljast allgóð frammistaða. Hvort Sir Cliff Richard hafi komið til Íslands þekkir höfundur ekki og mann heldur ekki eftir neinni slíkri heimsókn af kappans hálfu.



Buddy Holly var Amerískur gítaristi og söngvari. Hann er fæddur 7 september 1936 og dó 3 febrúar 1959 eftir að flugvélin sem hann ferðaðist í fórst. Hann er eitt nafnanna á Presley tímanum sem en heyrst í. Eitt af frægustu lögum Buddy Holly er tvímælalaust "Peggy Sue.". Höfundur telur hann einn af áhrifavöldum meðlima The Beatles sem ungra manna í Liverpool á Englandi. Mörg laga Buddy Holly eru hreint frábær.

Dæmi um söngvara sem gátu sér gott orð í söngbransanum og urðu gríðarlega vinsælir eru áður nefndur Sir Cliff Richard, en hann hefur höfundur lengið haldið upp á, Elvis Presley, vitaskuld, Buddy Holly, Fabian, Paul Anka, Pat Boone, dúetin The Everly Brothers og margir aðrir ágætir söngvara og dúetar þess tíma sem trónuðu í efstu sætum vinsældarlistanna og mennirnir

sem þá voru og áttu hug og hjörtu margra á þessum árum sem létu heillast af söngvunum en Elvis þó enn hvað vinsælastur en svolítið byrjaður að dala og mesta æðið kringum hann á sjötta áratugnum mikið búið að missa kraftinn. Og inn það tímabil koma söngvarar á borð við Fabían, Paul Anka, Pat Boone og fleiri sömu tegundar. Sagt var um þá að þeir hefðu verið settir fram sem mótvægi við hamaganginn og lætin sem Presley innleiddi og mörgum mannum fannst svolítið öfgakennt og villt, og horfðu þá vitaskuld til tíðarandans og alls sem þá var að gerast og greip í yngra fólkið sem spilaði að fullu með. Hvar var nú ráðsetta og virðulega manneskjan með allt sitt á þurru og hreinu innanum allan þann glundroða? Mörgum hraus hugur í brjósti. En samt! Kynslóð þessi lifði þetta allt saman af og gat af sér afkvæmi og næstu kynslóð. Og hér erum við enn.

Þessir kappar sem stigu fram á völinn í lok Presley tímabilsins þóttu öllu rólegri og yfirvegaðri og að margra dómi betri fyrirmyndir fyrir ungt fólk en rokkarinn sem skók sig og hristi á sviðinu og allskonar sögur fóru af utan sviðs og einkalífi, eins og einhverjum komi það sérstaka mál neitt við. Vitað er um áhrifagirni ómótaðs ungs fólk sem enn hefur ekki tekið beina stefnu með sitt líf og er leitandi og horfandi til margra átta á vissu árabili eins og við öll gerum og líka á eftir að gerast með komandi kynslóðir. Hvert og eitt af okkur verður að læra.



Þessir ágætu menn tilheyra rokkinu á sinn hátt og voru uppi á Presleytímanum og flestir af þeim mitt inn í sjálfri hringiðu Presleyæðisins sem varð til í kringum Bandaríska rokkkónginn, og eða komu fram þegar mestu lætin eru svona byrjuð að hjaðna. Maðurinn efst uppi vinstra megin er Carl Perkins, þá Fabian, við hlið hans sá þekktasti og frægasti í þessum hópi fólks og engin annar en Elvis Aaron Presley sem fyrir söngferil sinn og heimsfrægð ók vörubíl í heimabæ sínum Memphis. Þá dúetinn sem skipaður var bræðrum sem kölluðu sig The Everly Brothers, neðan við þá er rokkarinn Bill Haley, þá Jerry Lee Lewis sem lék á píanó og söng, en Jerry er frændi, frekar en bróðir, predikarans Jimmy Swaggart, sem margir kannast við á sjónvarpsstöðinni Omegu, í horninu er Pat Boone. Litla myndin sem sést neðst tilheyrir Paul Anka. Allt þetta fólk var starfandi á sama tíma og má segja að sé svona angí af Presleytímabilinu sem reið hér húsum og heimsbyggð og var á undan The Beatles- æðinu og voru enn starfandi og vinsælir er The Beatles kom og byrjaði að ryðja ýmsum úr vegi með eigin vinsældum uns aðdáendur sáu að ekki var enn nóg að gert og komu hljómsveitinni í toppsætið sem þeir svo bara héldu og sumpart gera enn í dag.

Einhverstaðar á leiðinni að þá skildi með þeim Sir Cliff Richard og The Shadows sem eftirleiðis hófu eigin feril og voru iðnir við hljómplötuútgáfu. Lengi vel léku þeir instrumental lög. Fyrsta hljómplata The Shadows bar sama nafn og hljómsveitin og kom út í september 1961. Þó uppistaða efnis The Shadows sé leikin lög er samt hægt að finna með þeim hljómplötur sem einnig er sungið á. Telur höfundur þó að þær séu fáar en samt til. Hver staðan er í málefnum þessarar ágætu hljómsveitar í dag (september 2015) veit höfundur ekki en sér samt, eftir að hafa leitað, að þeir héldu tónleika árið 2009 í Manchester að sjá má að þeir stóðu á sviði ekki fyrir svo mörgum árum síðan. Plötusafnið merkt hljómsveitinni The Shadows er orðið nokkuð veglegt.

Hljómsveitin The Shadows var stofnuð árið 1950 og hefur allavega einu sinni komið til Íslands og leikið fyrir íslendinga lög sín við góðar undirtektir í sal og gott ef ekki á skemmtistaðnum Broadway, sem þá var en er ekki lengur starfræktur. Eða var það Hótel Ísland?

Auðvitað voru innanum og samanvið hjómsveitir á þessu árabili sem gátu sér gott orð þó hljómsveitin The Shadows sé tekin hér út úr og látin nægja.

Tími hljómsveitanna hefur þó oft gilt þó dálítið annað hafi verið uppi á teningnum á Rokk og Ról tímanum í heiminum á sjötta áratug seinustu aldar og má þar nefna Dixelandsböndin og Djasshljómsveitirnar á þeim tíma sem þær allar saman tröllriðu, kannski ekki öllum heiminum, en náðu talsverðum vinsældum í til að mynda Bandaríkjunum og í mörgum öðrum löndum líka.

Á Íslandi hafa frá þessum tíma verið starfrækt Djassbönd sem traustur hópur hlustenda kemur til að hlýða á sem aðhylltist þessa tegund tónlistar. Sagt var um djassunnanda nokkurn af íslensku bergi brotnu og lengi starfmaður á Ríkisútvarpinu hér í eina tíð með landsþekkta rödd eftir áratuga þularstarf og fréttalestur í hádeginu að hann hafi eitt sinn fengið að gjöf jasshljómplötusafn besta vinar síns, nokkuð að vöxtum, og að eftir þá gjöf hafi ekki verið hlustandi á tónlist Ríkisútvarpsins fyrir endalausum Djassi lon og don sem þar var fluttur á lon og don. Allt er gott í hófi en vitað að smekkur sé misjafn.



Þetta ágæta fólk var eitt af mörgu sem gerði garðinn frægan í veröld Djassins á sínum tíma og var með í að útbreiða þá tónlistarstefnu og þróa og betrumbæta. Þar má eflaust fremstan nefna manninn efst til vinstri sem er sjálfur Benny Goodman klarinettuleikari, Billie Holiday er konan í miðjunni og sú til hægri engin önnur en Ella Fitzgerald, en hún kom nokkrum sinnum til Íslands. Maðurinn vinstra megin fyrir neðan hitt fólkið er Duke Ellington píanóleikari og honum við hlið Louis Armstrong sem frægur var með trompetið sitt og sína sérkennilegu söngrödd sem hann hafði og var um leið einkennismerki mannsins. Frægt lag með Louis Armstrong frá árinu 1964 er "Hello Dolly" sem margir þekkja. Gerð var kvikmynd með sama nafni sem Barbara Streisand lék aðalhlutverk í og var kvikmyndin frumsýnd 16 desember 1969. Louis Armstrong sótti Ísland heim og gott ef ekki að tilstuðlan Svavars Gest hljómplötuútgefanda (SG- hljómplötur) tónlistarmanns, útvarpsmanns og fleira. Allt þetta fólk sem sést á myndunum er nú horfið yfir móðuna miklu en lifir samt með okkur gegnum tónlistina sem það gerði og hægt er að nálgast á hljómplötunum.



Vel viðeigandi er að enda þessa samantekt á ljósmynd af bítlahljómsveitinni Hljómum frá Keflavík sem tekin var í janúar árið 1965.

Gert 4 september 2015 til gamans og vonandi einnig lítilsháttar fróðleiks.  
Kveðja: KRF,